

Úrgangsráð Vestfjarða

Fyrsti fundur

Netheimum 19. mars 2025 kl. 9.00-10.00

Fundargerð

Mættir: Hildur Aradóttir Kaldrananeshreppi (HA), Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð (LM), Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvík (GSH)(kom 9.20), Magnús Ingi Jónsson Bolungarvík (MIJ), Sólveig Rögnvaldsdóttir Árneshreppi (SR), Þorgeir Pálsson Strandabyggð (ÞP)(fór 9.30), Eiríkur Valgeir Scott (EVS) og Hjörleifur Finnsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Aðdragandi og hlutverk Úrgangsráðsins
2. Fundartímar út árið 2025
3. Stutt kynning á grænu bókhaldi Klappa
4. Aðgerðaáætlun Svæðisáætlunar um úrgang og næstu skref
5. Fréttahringur, hvert sveitarfélag segir fréttir af úrgangsmálum
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Hjörleifur fór yfir gerð Svæðisáætlunar um Úrgang 2023-2024 og aðgerðaáætlunina þar sem kveður á um stofnun Úrgangsráðs og hlutastöðu Hringrásarfulltrúa hjá Vestfjarðastofu sem verkefnisstjóra vinnu ráðsins. (aðrir sem tóku til máls: LM og ÞP sem svo vék af fundi).
2. Samþykkt að halda um 10 fundi á ári, mánaðarlega á föstum tímum, Hjörleifur sendir út Doodle könnun til að finna hentuga tíma. Fundargerð verður send út eftir fundi og telst samþykkt að tveimur dögum liðnum ef ekki hafa borist athugasemdir, og þá sett inn á vef Vestfjarðastofu. (aðrir sem tóku til máls: ÞP, HA, SR, GSH og LM).
3. Hjörleifur sýndi fundarmönnum stuttlega inn í rafrænt grænt bókhalld sveitarfélaganna, þar sem í framtíðinni verður hægt að fylgjast með gögnum um úrgang svo að segja í rauntíma.
4. Hjörleifur fór gróflega yfir aðgerðaáætlun svæðisáætlunar um úrgang og þá sérstaklega aðgerðir 17 og 18. Ákveðið í ljósi umræðna um samþykktir sveitarfélagana, að Vesturbyggð verði með stutta kynningu á nýlegri samþykkt sinni á næsta fundi.
5. Þessum lið var frestað til næsta fundar, nema að Þorgeir Pálsson sagði stuttlega fréttir af því (undir lið 1) að sveitarfélagið hafi verið gert afturreka með botnlangastöðvar af innviðaráðneytinu.
6. Þessum lið var frestað til næsta fundar